

# ÁRSSKÝRSLA URRIÐAHOLTSSKÓLA



Vor 2018

Leikskólastig

Áherslupættir og starf skólaársins 2017-2018

## INNIHALD

<b>FYLGT ÚT HLÆÐI</b> .....	<b>2</b>
<b>INNGANGUR</b> .....	<b>2</b>
Vörður skólans – þekking, leikni og viðhorf.....	2
Ársskýrsla skólans.....	2
Samstarf leik- og grunnskóla.....	3
Vistvænn skóli í vistvænu hverfi.....	3
<b>INNRA STARFIÐ</b> .....	<b>3</b>
Mat á innrastarfi – matþættir – matsáætlun.....	4
<b>NÝBREYTNÍ OG ÞRÓUNARVERKEFNI</b> .....	<b>4</b>
<b>MANNAUÐUR SKÓLANS</b> .....	<b>5</b>
<b>BARNAHÓPURINN</b> .....	<b>6</b>
<b>FORELDRASAMSTARF</b> .....	<b>6</b>
Foreldrafélag Urriðaholtsskóla.....	7
Skólaráð Urriðaholtsskóla.....	7
Foreldraviðtöl, fundir og aðrar upplýsingar.....	7
<b>ÖRYGGISMÁL</b> .....	<b>8</b>
<b>LOKAORÐ</b> .....	<b>8</b>


### FYLGT ÚT HLAÐI

Ársskýrsla Urriðaholtsskóla fer yfir skólaárið, þær áherslur sem starfað er eftir og skólastarfið almennt. Í ár er skýrslan með einfaldara sniði þar sem skólastarf hófst seint á vorönn. Farið er yfir starfið, mannauðin, barnafjöldann og framtíðina.

### INNGANGUR

#### Vörður skólans – þekking, leikni og viðhorf

Vörður hafa löngum verið vegvísar um fjöll og óbyggðir.



Varðan er hlaðin úr steini, hver steinvala skipti máli og margar saman stóðu þær sem vegvísir í fyrndinni. Markmið skólanámskrár má líkja við steinana og saman verða þau vörður er varða skólagöngu barnanna okkar. Í Urriðaholtsskóla er staða hvers barns látin leiða starfið og framvindu náms. Hverju barni mætum við þar sem það er statt, þannig styrkjum við undirstöður hvers og eins. Eflum sjálfstrú hvers og eins, kennum hverjum og einum að taka ábyrgð á eigin hegðun, kennum virðingu, samlíðan, eflum áræðni þeirra of færni í að takast á við óþekktar og fjölbreyttar áskoranir. Námskrá skólans og

starfsáætlun er í vinnslu og verða gerð frekari skil eftir næsta skólaár.

#### Ársskýrsla skólans

Ársskýrsla skóla er í raun ákveðið uppgjör þess skólaárs sem er að líða. Hverjum skóla ber að samkvæmt lögum (*Lög um leikskóla 2008 nr. 90 gr. 5*) að vinna ársskýrslu þar sem farið er yfir starfsemi vetrarins. Í sömu lögum kemur fram að skólanum beri að starfa eftir aðalnámskrá leik- og grunnskóla. Velferð og hagur barna á að vera hafður að leiðarljósi í öllu starfi og meginmarkmið uppeldis og kennslu skólans skal vera að fylgjast með og efla þroska barna í samvinnu við foreldra. Málörvun á að veita skipulega og stuðla að eðlilegri færni í íslensku. Þá á að hlúa að nemendum andlega, vistmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins um leið og stuðlað er að víðsýni þeirra og sjálfstæði.

Urriðaholtsskóli tók til starfa 3. apríl sl. Undirbúningur fyrir skólaskólastarfið hófst þó á seint á haustönn 2017. Skólastjóri var ráðinn í nóvember, aðstoðarskólastjóri í janúar og fyrstu starfsmenn í framhaldi af því, fjórir ráðnir strax í febrúar sem fóru í barnastarf í leikskólunum Krakkakoti og



Sunnuhvoli (sjá nánar kaflann um mannauð). Ársskýrsla skólans er því með nokkuð ólíku sniði en alla jafnan, starfið hefur farið vel af stað og mikil tilhlökkun að efla og móta það á næstu misserum.

## Samstarf leik- og grunnskóla

Hönnun skólans gerir ráð fyrir að hvert skólastig og árgangur eigi sitt heimasvæði sem skapar aðstæður til að efla vinnu innan árganga, á milli árganga og þvert á skólastig. Teymisvinna á milli starfsfólks á að vera ríkjandi í öllu starfi. Leikskólastig, yngstastig, miðstig og unglingastig munu skapa sitt samfélag á þann hátt að hver og einn fái að vera einstakur en um leið hluti af samfélagi. Hver árgangur á sinn starfsmannahóp sem er ábyrgur fyrir hópnum. Rannsóknir sýna að teymisvinna eflir samstöðu, samvinnu og verður til þess að styðja við nemendur svo þeir læri að taka ábyrgð á eigin námsframvindu og setja sér markmið við hæfi, óháð aldri. Frjáls leikur, skapandi efniviður og manngæsla og kærleikur eru einnig mikilvægir þættir á bæði leikskóla- og grunnskólastigi.



## Vistvænn skóli í vistvænu hverfi

Börnin eru búin að sá fyrir grænmeti og fylgjast náið með framvindu og vexti. Við flokkum rusl og erum dugleg að endurnýta í föndur og leik verðlausan efnivið.



Umhverfisnefnd verður skipuð næsta haust, fræðsla varðandi flokkun er fyrirhuguð frá Íslenska Gámafélaginu. Mikilvægt er að allir séu meðvitaðir um nýtni og nægjusemi og að hún sé sýnileg við leik og störf.

## INNRA STARFIÐ

Eins og fram hefur komið hófst formlegt skólastarf í Urriðaholtsskóla 3. apríl þegar fyrstu börnin mættu í aðlögun ásamt foreldrum sínum. Tíu börn mættu í hús,

fjögur börn á Klif og sex börn á Keldu. Við höfum valið að kalla deildir heimasvæði og í þessum áfanga voru tvö heimasvæði opnuð, Kelda fyrir yngri börn, þ.e. fædd 2017-2015 og Klif fyrir eldri börn fædd 2012-2014. Áður var búið að halda kynningarfund á bókasafni Garðabæjar fyrir foreldra þar sem var farið yfir áherslur í upphafi. Góð mæting var á þann fund og foreldrar áhugasamir um uppbyggingu skólasamfélagsins í Urriðholti (sjá nánar kaflann um foreldrasamstarf).

Aðlögun hélt áfram næstu tvær vikurnar og síðasta vetrardag var búið að taka á móti skráðum börnum fyrir vorönn. Ákveðið var að fagna þeim tímamótum og hafa formlegan afmælisdag síðasta vetrardag héðan í frá. Þennan dag héldum við því mikla veislu, börnin buðu fjölskyldum sínum í hús, einnig fengum við aðra góða gesti. Skólakór leikskólans Hæðarbóls heiðraði okkur með söng, bæjarstjórinn hélt smá tölu og okkur voru færðar góðar gjafir. Dagurinn tókst einstaklega vel og síðasti vetrardagur orðinn afmælisdagur skólans.



Strax var farið í að móta fagstarfið með það að leiðarljósi að hafa hinn frjálsta leik í heiðri og opinn leikefni. Markmið Aðalnámskrár rýnd, vinna við gæðahandbók sett í forgang og skólanámskrá sett í farveg.

### Mat á innrastarfi – matþættir – matsáætlun

Þar sem skólastarf er rétt nýhafið þá hefur ekki verið unnið eftir áður unninni matsáætlun. Á vormisseri og fram á sumar er unnið að gerð matsáætlunar sem tekur á innra- og ytra starfi skólans sem og þeim þáttum sem lög og reglugerðir gera ráð fyrir að séu metnir.

Foreldrasamtöl og starfsmannasamtöl eru í farvegi en hafa ekki verið tekin þegar árskýrslan var unnin.

### NÝBREYTNÍ OG ÞRÓUNARVERKEFNI


Í nýjum skóla þarf að byggja upp samfélag, samfélag barna, starfsmanna og fjölskyldna. Áhersla okkar í skólanum er að byggja upp eitt skólasamfélag sem starfar á fjórum skólastigum;

- leikskólastigi
- yngstastigi
- miðstigi
- unglingsstigi

Leikskólastigið tók til starfa núna í apríl sl. og yngstastigið mun taka til starfa í ágúst nk. Til að efla fagstarf innan skólans og búa til samfellu á milli skólastiga var sótt um ýmis verkefni í þróunarsjóði leik- og grunnskóla. Við teljum æskilegt að nýta meðal annars gagnreyndar aðferðir þegar nýir kennsluhættir eru innleiddir.

#### Í þróunarsjóði leikskóla var sótt um eftirtalin verkefni:

- K-PALS – innleiðing fyrir elstu nemendum leikskólans, en K-PALS er kennsluáferð í hljóðkerfisvitund og lestrarkennslu, þar sem nemendur þjálfva hvern annan á jafningjagrundvelli. Hún styður við skólastarf án aðgreiningar og er góður undanfari þeirra aðferða sem verða innleiddir á yngstastigi. Styrkur var veittur fyrir þessu verkefni.





- Vinátta – Blær – innleiðing á verkefninu fyrir allt starfsfólk leikskólastigs. Vináttuverkefnið byggist á nýjustu rannsóknum á einleti og ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem mikilvægt er að samtvinna við uppbyggingu á góðum skólabrag. Lykilhugtök eru umburðarlyndi, viðring, umhyggja og hugrekki. Allt starfsfólk á að tileinka sér þessi grunngildi í samskiptum og vinnu innan skólasamfélagsins. Styrkur var veittur fyrir þessu verkefni.

### Í þróunarsjóð grunnskóla var sótt um eftirtalin verkefni:

- Innleiðing á beinum fyrirmælum (Engelman's Direct Instruction) og fimipjálfun í Urriðaholtsskóla – handleiðsla grunnskólakennara. Ávinningur verkefnisins er að auka þekkingu kennara á gagnprófuðum kennsluaðferðum sem rannsóknir hafa sýnt að skila bestum árangri. Lögð er áhersla á að kennarar nái tókum á kennsluaðferðum með meðferðartryggðum og meðferðarhældum aðferðum. Hugtökin vísa í það að mælingar eru gerðar á því hvernig inngripi eða meðferð er framfylgt bæði af þeim sem þiggja hana og þeim sem veita hana. Styrkur veittur fyrir handleiðslu.

### Í endurmenntunarsjóð grunnskóla var sótt um:

- Innleiðing á beinum fyrirmælum (Direct Instruction) og fimipjálfunar í Urriðaholtsskóla. Undirbúningur fyrir innleiðingu. Verkefnið tengist aðalnámsskrá grunnskóla á ótal vegu en aðferðirnar gera kennurum kleift að mæta hverju og einu barni þar sem það er statt í náminu. Aðferðirnar styðja einnig við þá hugmynd Aðalnámsskrár að hlutverk kennarans sé að vera leiðtogi í námi nemandans. Styrkur var veittur fyrir þessu námskeiði.

## MANNAUÐUR SKÓLANS

Mannauður skólans er fjársjóður og við höfum fram til þessa fengið að velja í starfsmannahópinn okkar góða einstaklinga með ýmis konar menntun og reynslu.

Í september sl. var auglýst staða skólastjóra samrekins leik- og grunnskóla Urriðaholtsskóla. Þorgerður Anna Arnardóttir leik- og grunnskólakennari var ráðinn skólastjóri og um áramót var Una Guðrún Einarsdóttir ráðinn aðstoðarskólastjóri. Í framhaldi af því var auglýst eftir tveimur deildarstjórum og leikskólakennurum, fjöldi umsókna barst en enginn leikskólakennari sótti um á þessum tímapunkti.

Mánaðarmótin maí – júní voru eftirtaldir við störf á Keldu og Klifi og í stjórnendateymi skólans:

Heimasvæði	Hlutverk	Starfsmaður
Stjórnendateymi	Skólastjóri	Þorgerður Anna Arnardóttir
	Aðst.skólastjóri	Una Guðrún Einarsdóttir
Kelda Heimasvæði barna fædd 2015-2016	Deildarstjóri	Þórey Huld Jónsdóttir
	Leiðb. m/háskólamenntun	Hrafney Svava Þorsteinsdóttir
	Leiðb. m/háskólamenntun	Dagný Valdimarsdóttir
	Leiðb. m/háskólamenntun	Maria Martinez Valdeolivas
Klif Heimasvæði barna fædd 2012-2014	Leiðb. m/háskólamenntun	Pedro Bote
	Deildarstjóri	Erla Jónsdóttir
	Leiðb. m/háskólapróf	Magdalena Lukasiak
	Leiðbeinandi	Þórelfur Jónsdóttir

Skólaárið 2018-2019 er gert ráð fyrir fjórum heimasvæðum á leikskólastigi og hafa ráðningar gengið ágætlega fyrir þann hóp sem nú þegar er innritaður eða 65 börn.

### BARNAHÓPURINN

Heimasvæði	Fæðingarár	Stúlkur	Drengir	Samtals
Kelda	2016	4	3	7
	2015	3	6	10
Klif	2014	3	3	6
	2013	4	1	5
	2012		1	1
	<b>Samtals</b>		<b>14</b>	<b>14</b>

Heildar dvalarstundir á vormisseri voru í byrjun júní 219,5. Allir nemendur fyrir utan einn voru frá 8-9,25 stundir á dag en einn nemandi var í fjórar stundir fyrir hádegi.

Stjórnendur skólans, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri, sátu sameiginlega fundi stjórnenda í leik- og grunnskóla sem haldnir eru að jafnaði einu sinni í mánuði. Þá voru stjórnendafundir innan skólans haldnir eftir þörfum í fyrstu. Fundardagatal verður unnið fyrir næsta skólaár. Ekki reyndi á fundi er varðar aðra stoðþjónustu þessar fyrstu vikur.



### FORELDRASAMSTARF


Foreldrasamtarf er einn af hornusteinum góðs skólasamfélags. Þegar fyrirhugað var að opna skólann á vordögum var tekin ákvörðun um að fresta stofnun foreldrafélags og skólaráðs þar til hópurinn væri orðinn stærri. Mikilvægt er að samvinna og traust skapist á milli foreldra og skólasamfélagsins. Okkur er það mikið hjartans mál að samstarf við foreldra sé uppbyggilegt og styðjandi fyrir alla aðila. Mikilvægt er að foreldrar finni til öryggis og vellíðunar í skólanum bæði fyrir sig og ekki síður barnið sitt. Við aðlögun barna í skólann styrkjast tengsl starfsmanna og foreldra sem og foreldra í milli. Í nýjum skóla á eftir að skapa hefðir og uppákomur sem foreldrar koma að með einum eða öðrum hætti. Þá er heimild fyrir því í reglugerð að í samreknum skóla sé eitt foreldrafélag og eitt skólaráð, við teljum það afar farsælt til að tryggja einhug og samfellu á milli allra skólastiga.



## Foreldrafélag Urriðaholtsskóla

Sameiginlegt foreldrafélag allra skólastiga verður stofnað við skólann og er mikilvægt að í félaginu séu foreldrar barna af öllum skólastigum svo að raddir og þarfir allra fái að heyrast. Æskilegt er að stilla upp stjórn snemma næsta haust og ráðgert að halda aðalfund foreldrafélagsins í september ár hvert. Stjórn skiptir með sér hlutverkum, það er hver er formaður, ritari og gjaldkeri og svo meðstjórnendur. Foreldrafélaginu er ætlað að styðja við ýmsa viðburði innan skólans og koma að skemmtilegheitum og fræðslu til handa foreldrum skólans. Þar á meðal vorhátíð sem stefnt er að halda fyrir skólaslit ár hvert. Fulltrúi úr foreldrafélagi situr í Grunnstoð Garðabæjar sem er samstarfsvettvangur foreldrafélaga í Garðabæ.

## Skólaráð Urriðaholtsskóla



Í Urriðaholtsskóla er eitt skólaráð fyrir bæði leik- og grunnskólastig. Sama á við um það og foreldrafélag í það verður skipað í haust þegar hópurinn kemur saman. Foreldri af hverju skólastigi situr í foreldraráði, starfsamaður af hverju skólastigi sem og nemandi af hverju skólastigi. Skólaráði er samstarfsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald. Því er m.a. ætlað að fjalla um skólanámskrá, starfsáætlun og aðrar áætlanir skólans. Það fær til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skólans áður en endanlega ákvörðun ert tekin.

Skólaráð fylgist með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólastjóri ber ábyrgð á að boða fundi og ákveða fundi vetrarins.

## Foreldraviðtöl, fundir og aðrar upplýsingar

Formleg foreldraviðtöl fara fram tvisvar á skólaári, í október/nóvember og í mars, þau geta þó orðið fleiri ef foreldrar og/eða kennarar telja þörf á. Almenn er gert ráð fyrir að nemendur komi með foreldrum sínum í þessi formlegu viðtöl. Foreldraviðtölum er ætlað að fara yfir framvindu í skólastarfi, líðan, félagsfærni og almennan þroska. Þeim er ætlað að styrkja samvinnu heimilis og skóla og skapa vettvang til samtals um stöðu barnsins og hvernig haldið verður áfram við leik og störf.

Eins og fram kom hér að ofan var foreldrum boðið á kynningarfund, fyrir leikskólaforeldra annars vegar og grunnskólaforeldra hins vegar, áður en skólinn opnaði. Fundirnir voru haldnir á Bókasafni Garðabæjar og einkar vel sóttir. Þar var farið yfir fyrirhugaða opnun á vordögum, áherslur í skólastarfinu og framtíðarsýn. Foreldrar fengu kynningarbækling fyrir hvort skólastig, skóladagatal fram að vori og skóladagatal fyrir skólaárið 2017-2018. Þá var farið yfir aðlögun leikskólabarna og fyrstu dagana í húsi.

Deildarstjóri á heimasvæði sér um að senda föstudagspóst til foreldra þar sem farið er yfir vikuna sem er að líða sem og upplýst um það sem er fyrirhugað í þeirri næstu. Mikilvægt að er að tengja við aðalnámskrá verkefnin sem unnin eru. Skólastjórnendur senda svo frekari upplýsingar á foreldra eftir þörfum yfir veturinn.



## ÖRYGGISMÁL

Um leið og skólinn opnaði var útbúin rýmingaráætlun fyrir þann hluta sem er komin í notkun og hún kynnt starfsfólki. Um leið var farið yfir slysaskráningu og hvernig henni á að vera háttað. Fram til þessa er búið að skrá eitt óhapp, barn fékk skurð við leik í þrautabraut á útisvæði.



Eldvarnareftirlitið hefur tekið húsnæðið út, sem og heilbrigðiseftirlitið og er skólinn kominn með starfsleyfi.

Húsnæðið er enn í vinnslu, í fyrstu voru ekki komnar klemmuvarnir innan hús en búið er að setja þær upp í dag en þó vantar ennþá á útidyrhurðirnar en það er í farvegi. Útisvæði hefur verið tekið út og nánast búið að

bregðast við þeim athugasemdum að fullu. Starfmaður innan skólans fékk það verkefni fram á sumar að ganga lóðina og hreinsa upp eins og þörf hefur verið á og skrá ef eitthvað hefur þurft að bregðast við.

Fyrirhugað er að vera með skyndihjálparnámskeið fyrir allt starfsfólk skólans í upphafi skólaárs 2018-2019.

## LOKAORÐ

Skólastarfið í Urriðaholtsskóla fer vel af stað. Strax er hefur skapast góður bragur innan hús og góð tengsl við börn og fjölskyldur þeirra. Fyrirhugað er að næsta haust bætist í bæði nemenda og starfsmannahópin. Mikilvægt er að hlúa vel að nýja fólkinu okkar. Starfsfólki á bæjarskrifstofu færum við bestu þakkir fyrir hlýjar móttökur og stuðning við opnun Urriðaholtsskóla sem og öðru starfsfólki Garðabæjar sem hefur verið boðið og búið að aðstoða okkur við bæði stór og smá verkefni.

Það er gott að starfa í Garðabæ, mikill metnaður ríkir og fagmennska er í fyrirrúmi. Við trúum því og treystum að skólastarf Urriðaholtsskóla verði góð viðbót við það öflugna skólastarf sem fer fram í leik- og grunnskólum Garðabæjar.

Í Garðabæ, 20. júní 2018

Þorgerður Anna Arnardóttir  
skólastjóri Urriðaholtsskóla